

Nð.

49. Frumvarp

til laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

1. gr. Rjett er, að giptar konur sjeu hálfháðar og fullháðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna; skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gerður í tvöggja votta viðurvist, og ná að öðru leyti hin almænnu ákvæði laganna um gildi samnings til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gera hjónaefni hjúskaparmála; skal hann, áður en brullaup fer fram, þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi, skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í lýsa hjúskaparmála sínum.—Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir, og skal hann, áður en brullaup fer fram, fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn, eða fyrir fram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvort hjóna skuli bera ábyrgð skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli, þótt þinglesinn sje, í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjörður, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt íje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir, að það skuli sjereign vera, er öðru hvoru hjóna hlotnast að arfi eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu, nema öðruvísi sje um samið í hjúskaparmála. Hvorugt hjóna, má þó gefa, selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til.

Nú hefur annaðhvort hjóna gjört slíkan samning að hinu fornspurðu, og er því þá rjett að ripta gjörningnum, en málssókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi, eða frá því, er það fjekk vitneskju um gjörninginn. Ef helm-ingafjárslag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlган borguð af fjelagsbúinu, en heimilt er hvoru hjóna, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu, og hefur hún þá ein rjett, til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi, má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað, án þess samþykki konunnar komi til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimta, að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, ef það sannast með álitu dómkvaddra manna, að annaðhvort þeirra hafi farið ráðlauslega með eigur fjelagsbúsins, og skulu fjárskiptin síðan þinglesin á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna, er vill, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtu-
mönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastu samningur.— Þó er gjöf ógild, nema sannað verði, að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti and-
virði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin.— Þessi ákvæði ná þó eigi til smágjafa þeirra sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætlaðar eru því hjóna, sem gjöf þiggur, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum, eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónar-
manns.

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í þága við lög þessi, eru hjer með úr lögum numdar.